



Fréttatilkynning
12. ágúst 2013

Árshlutareikningur Landsnets hf. fyrir tímabilið janúar-júní 2013 **- Hagnaður tímabilsins nam 1.488 milljónum króna -**

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 1.488 mkr. fyrstu 6 mánuði ársins 2013 samanborið við hagnað að fjárhæð 236 mkr. fyrir sama tímabil árið 2012. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 4.850 mkr. samanborið 4.178 mkr. á sama tímabili fyrra árs og hækkar um 672 mkr. á milli ára. Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 1.762 mkr. á tímabilinu en voru 2.647 mkr. á sama tímabili ársins 2012. Hrein fjármagnsgjöld lækka því um 885 mkr. á tímabilinu janúar-júní 2013 í samanburði við sama tímabil 2012.

Eiginfjárlutfall í lok júní var 19,4% samanborið við 17,7% í lok ársins 2012. Eigið fé í lok tímabilsins nam 14.751 mkr. samanborið við 13.263 í lok árs 2012. Heildareignir félagsins í lok júní námu 76.116 mkr. samanborið við 74.873 mkr. í lok árs 2012. Heildarskuldir námu 61.365 mkr. samanborið við 61.610 mkr. í lok árs 2012.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í lok júní nam handbært fé 9.215 mkr. Handbært fé frá rekstri fyrstu 6 mánuði ársins nam 2.714 mkr.

Árshlutareikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 12. ágúst 2013.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang guðlaugs@landsnet.is

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	7.064.797	6.157.980
Rekstrargjöld	(3.456.132)	(3.211.844)
Rekstrarhagnaður	3.608.665	2.946.136
Hrein fjármagnsgjöld	(1.761.519)	(2.647.149)
Áhrif hlutdeildarfélags	10.217	(4.506)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.857.363	294.481
Tekjuskattur	(369.429)	(58.896)
Hagnaður	1.487.934	235.585

	30.6.2013	31.12.2012
Efnahagsreikningur		
Fastafjármunir	64.453.253	62.450.596
Veltufjármunir	11.662.800	12.422.276
Eignir samtals	76.116.053	74.872.872
Eigið fé	14.750.769	13.262.835
Langtímaskuldir	58.167.932	57.643.922
Skammtímaskuldir	3.197.352	3.966.115
Eigið fé og skuldir samtals	76.116.053	74.872.872

	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	2.714.099	2.129.858
Fjárfestingahreyfingar	(2.999.380)	(1.004.298)
Fjármögnunarhreyfingar	(460.785)	(3.723.445)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	(349.170)	220.610
Handbært fé í ársbyrjun	10.309.772	10.242.916
Handbært fé í lok tímabils	9.214.536	7.865.641

	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
Helstu kennitölur		
EBITDA	4.849.718	4.177.768
	30.6.2013	31.12.2012
Eiginfjárlutfall	19,4%	17,7%